

fyrir hönd Pickering & Haldane's Steam Trawling Co. Ltd. Hull endurgjald eftir framansögðu fyrir það að botnvörpugufuskipið Micado dró fiskigufuskipið Leslie hinn 4. október 1905 frá Rauðasandsvík til Patreksfjarðar, og skal endurgjaldsupphæðin metin af 2 dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er gott skyn bera á málavexti, þó má upphæðin eigi fara fram úr 3000 kr. Áfrýjandi skal og greiða stefnda 5% vexti af matsupphæðinni frá stefnudegi til boigunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 24/1907:

Eggert Claessen fyrir hönd
Rich. Ekwall í Halmstad
gegn
hlutafélaginu Völundi.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði Oddur yfirréttarmálaflutningsmaður Gíslason fyrir hönd timbursala Rich. Ekwall í Halmstad fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn hlutafélaginu Völundi í Reykjavík til greiðslu eftirstöðva 3367 kr. 59 aur. af borgun fyrir timburfarm, er Ekwall hafði sent hlutafélaginu, og var málið dæmt í nefndum rétti 12. júlí f.

á., með þeim úrslitum, að hlutafélagið skyldi greiða áfryjandanum 1200 kr. með 5% vöxtum frá 23. nóvbr. 1905 til borgunardags, en að öðru leyti var það sýknað af kröfum hans í málinu. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir yfitréttarmálaflutningsmaður Eggert Claessen fyrir hönd Richard Ekwall skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 17. júní þ. á., og krafist þess aðallega að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að hlutafélagið verði dæmt til að greiða hinar umstefndu 3367 kr. 59 aur. með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en til vara að dómurinn verði staðfestur, og hvernig sem fer, að hlutafélagið verði dæmt til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hið stefnda hlutafélag hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 12. júlí þ. á., og krafist þess aðallega að það verði algjörlega sýknað af kærnum og kröfum áfryjenda, en til vara, að því verði heimilaður réttur til að skila aftur því af borðum og plönkum óþöntuðum, sem enn sé óselt, og að andvirði þess auk kostnaðar við uppskipun og grunnleigu verði áfryjandi dæmdur til að greiða hlutafélaginu að frádregnum 1200 kr., en hvernig sem málið fer, verði áfryjandi dæmdur til að greiða hlutafélaginu málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Með bréfi 20. júlí 1904 pantaði hlutafélagið Völundur timbur frá Rich. Ekwall timbursala í Halmstad eftir sundurliðaðri skrá, er fylgdi bréfinu, og var Ekwall í bréfinu beðinn að senda viðinn hið fyrsta og fylgja þöntunarskránni svo nákvæmlega sem hægt væri við afgreiðslu hans. Svo fór félagið og fram á að fá 6 mánaða borgunarfrest á andvirðinu. Ekwall leigði þá gufu-

skipið Neptun og sendi það með viðarfarm til Völundar og kom skipið til Reykjavíkur um 20. septbr. næst á eftir. Þegar búið var að mestu að skipa farminum upp úr skipinu — en það var gjört eftir ósk skipstjóra eða með samþykki hans þegar í stað, þótt framskrá væri engin þá komin í hendur Völundi — kom það í ljós, að rúmur $\frac{1}{3}$ af farminum eftir verði hans var timburtegundir, sem Völundur hafði alls ekki beðið um, en það voru $\frac{5}{8}$ " listar eða borð fyrir 3264 kr. 60 a. eftir vöruskrárverði og önnur borð og plankar fyrir um eða yfir 6000 kr.

Með því að Völundur taldi þessa óþöntuðu vöru mjög óhentuga sér, $\frac{5}{8}$ ³ listana jafnvel alls óútgengilega vöru, en hitt lítt seljanlegt nema á mjög löngum tíma, lýsti hann þegar óánægju sinni við skipstjóra út af farminum, og geymdi sér rétt sinn í því tilliti, en jafnframt skrifaði hann Ekwall, að hann gæti ekki tekið það af farminum, er sent hafði verið óbeðið, þó að það hefði til bráðabirgða verið lagt upp á lóð hans, og yrði Ekwall að ráðstafa því hið fyrsta. Völundur skýrði og Ekwall frá því við sama tækifæri, að hann gæti eigi samþykkt vixil, er hann hafði gefið út á Völund fyrir öllu andvirði farmsins 27697 kr. 31 e., er greiddast átti 14. marz 1905, en Ekwall hafði sent Landsbankanum vixilinn til innheimtu. Hins vegar myndi Völundur greiða það af farminum á gjalddaga vixilsins, er samkvæmt væri þöntun hans.

Eftir töluverðar bréfaskriftir út af þessu fram og aftur milli Völundar og Ekwalls fram í febrúarmánuð 1905 um það, hvernig farið skyldi með hinn óþantaða við, þóttist Völundur loks hafa fengið nægilega ákveðið

samþykki Ekwall's í því efni, og lét selja $\frac{5}{8}^{\circ}$ listana á opinberu uppboði, en tók til sín borðin og plankana gegn afslætti af verði þeirra, 20% af 6000 kr. = 1200 kr., og greiddi síðan andvirði farmsins 27697 kr. 31 e. að frádregnum þessum upphæðum:

Því er $\frac{5}{8}''$ listarnir seldust minna á uppboðinu en	
vöruskrárverð þeirra nam kr. 1612,59	
20% af 6000 kr.	— 1200,00
Fyrir niðurröðun í númer	
til uppboðsins á listunum	— 30,00
Uppskipun og flokkun á	
listunum	— 425,00
Geymsluleiga fyrir þá . .	— 100,00
	————— kr. 3367,59

Áfryjandi hefir nú haldið því fram, að stefndi hafi alls enga heimild haft til þessa frádráttar frá vöruskrárverði farmsins, og krafa hans er því í málinu sú, að stefndi verði skyldaður til að greiða alt verð farmsins óskert, einnig þessa nýnefndu upphæð, kr. 3367,59.

Þar sem áfryjandi hefir bygt þessa kröfu á því, að Ekwall hafi áður í viðskiftum þeirra Völundar í eitt skifti fyrir öll áskilið sér rétt til að mega senda Völundi til uppfyllingar »litet af hvorje«, þegar hann hefði ekki til alt það timbur, er um væri beðið, og að Völundi hafi því verið skylt að taka allan farminn fullu verði, þá verður ekki álitíð, að þetta eigi við rök að styðjast, því að hér var um svo stórkostlega viðbót að ræða, þar sem rúmur $\frac{1}{3}$ farmsins var umfram pöntun, að nefnd ummæli Ekwall's gátu eigi réttlætt hana með neinu móti.

Þá hefir áfryjandi haldið því fram, að með því að

skipa öllum farminum upp á lóð sína hafi Völundur samþykkt að taka hann allan. En þetta er ekki rétt. Völundur vissi eigi hvernig farmurinn var á sig kominn fyrir en honum var skipað upp, þar sem engin farmskrá var þá fyrir hendi, og þegar það kom í ljós, hve mikið af farminum var umfram pöntun, þá neitaði Völundur þegar í stað að taka það. Það lá því eigi í uppskipun farmsins neitt slíkt samþykki af Völundar hendi, sem áfrýjandi vill í hana leggja.

Það virðist því verða að líta svo á, að Völundur hafi haft rétt til þess að neita að taka hinn ópantaða við og heimta af Ekwall að hann ráðstafaði honum. En spurningin verður þá sú, hvort Völundur hafi með síðari afskiptum sínum af viðnum bakað sér skyldu til greiða andvirði hans frekar en hann gjörði.

Eftir að Völundur í bréfi sínu 29. septbr. 1904, er fyrir er getið, hafði krafist þess, að Ekwall ráðstafaði hinum ópantaða hluta farmsins, sem Völundur geymdi á lóð sinni, og nokkur bréf höfðu farið milli þeirra til að reyna að jafna ágreininginn, þá krafðist Völundur þess loks í bréfi 25. janúar 1905, að Ekwall léti annaðhvort sjálfur selja á uppboði $\frac{5}{8}$ " listana, sem Völundur aftók með öllu að geta notað til nokkurs, eða fæli Völundi að gera það, en plankana og borðin bauðst Völundur til að taka gegn 20⁰/₀ afslætti af verði þeirra eða 1200 kr. Jafnframt tók Völundur fram í bréfinu, að hann væri alls ófánlegur til að greiða bankanum víxil Ekwalls fyrir öllu andvirði farmsins, eins og Ekwall hafði fleirsinnis farið fram á. Þessu bréfi svaraði Ekwall í febrúar næst á eftir, bannig að hann vildi ganga að tilboði Völundar viðvíkjandi plönkunum og borðunum,

og gerði ráð fyrir að Völundur sæi fyrir sig um uppboðssölu á $\frac{5}{8}$ " listunum, en jafnframt krafðist hann sem fyrir að Völundur innleysti allan víxilinn, gegn því að fá sent síðar frá sér það er Völundur hefði þá ofborgað fyrir hann. Eftir að hafa fengið þetta svar Ekwalls lét Völundur nokkuru síðar selja $\frac{5}{8}$ " listana á uppboði, en tók til sín plankana og borðin með afslætti þeim, er hann hafði krafist, og gerði síðan skil fyrir andvirði farmsins á þann hátt, er fyr greinir.

Það er augljóst af svari Ekwalls, er áður er greint, að hann samþykkti því að eins, að Völundur tæki til sín plankana og borðin, gegn 20% afslætti, að Völundur greiddi víxil hans í bankanum; og þar sem Völundur ekki uppfyllti þetta skilyrði Ekwalls fyrir afslættinum, en tók þó til sín plankana og borðin, þá verður að fallast á þá kröfu áfrýjanda, að hann verði skyldaður til að greiða fult verð þessa hluta hins ópantaða viðar, án þess að krafa hans um að mega skila viðnum aftur eða því af honum, er óselt er, geti komið til greina, þar sem ekki var farið fram á neitt slíkt fyrir undirrétti og varakrafan er því of seint fram komin.

Aftur á móti virðist Völundur hafa haft rétt til þess eins og á stóð, að selja $\frac{5}{8}$ " listana á uppboði fyrir reikning Ekwalls. Völundur hafði fyrir löngu tekið það skýrt og ákveðið fram, að hann væri með engu móti fánlegur til að taka við listum þessum, og það var því eigi vafi á, að Ekwall varð að ráðstafa þeim á annan hátt, eins og Völundur hafði og krafist. Þetta gerði Ekwall þó eigi, jafnvel ekki eftir að Völundur hafði krafist þess af nýju afdráttarlaust í bréfi sínu 25. jan. 1905, en Völundi bar eigi skylda til að geyma listana

takmarkalaust, og virðist hann þá hafa haft næga heimild til að losa sig við þá á þann hátt er hann gerði, og það því fremur, sem Ekwall hafði einmitt gert ráð fyrir þeirri aðferð við sölu á þeim.

Að því er loks snertir kostnað við uppskipun og flokkun og uppboð m. m. á listunum, kr. 555,00, er Völundur í skilagrein sinni færði Ekwall til útgjalda, þá leiðir það þegar af því, að Völundur var eigi skyldur til að taka við hinum ópantaða við, að krafa áfrýjanda um endurgreiðslu þess kostnaðar verður eigi tekin til greina.

Samkvæmt framanrituðu felst yfirdómurinn að öllu leyti á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, einnig á málskostnaðarákvæði hans, og ber því að staðfesta dóm þennan í öllum greinum.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist og mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.